

Alfaravegurinn gamli

Í Austantórum II 1946 skráð eftir minnisblöðum Jóns Pálssonar er starfaði á sínum yngri árum við Eyrarbyggðarslóttun og síðar hjá Landsbanka Íslands í Reykjavík er eftirfarandi lýsing.

Alfaravegurinn gamli: Kolviðarhóll-Reykjavík.

Frá Kolviðarhóli , yfir Bolavelli að Húsmúla (sæluhúsi).

Frá Húsmúla, yfir Norður-velli að Bolaöldum ofan Sandskeiðs.

Frá Bolaöldum, yfir Svínahraunstögl norðarlega, norðan Lyklafells.

Frá Lyklafelli, fyrir sunnan Klakk, þá um Klettabelti að Vörðuhólum.

Frá Vörðuhólum, um Urðarlágar, norðan Helgutjarnar og Selvatns.

Frá Selvatni um Sauðahúsamýri og Sólheimahvamm.

Frá Sólheimahvammi norðan Sólheimahvammstjarna.

Frá Sólheimahvammstjörnum um Hofmannafatir.

Frá Hofmannafötum um Hestabrekkur.

Frá Hestabrekkum norðan Almannadals og Rauðavatns.

Frá Rauðavatni að Elliðaám.

Frá Elliðaám til Reykjavíkur.

Upplýsingar um þessa leið eru fengnar hjá Eggerti Nordahl á Hólmi 31.oktober 1943.



Ég gekk Alfaraveginna gamla frá norðurenda Lyklafells og hóf gönguna við fallna vörðu (N64°051.610' W21°31.583') er stendur við gildrag þar sem koma saman margar leiðir.

Austan gildragsins kemur Laufdælingastígur norðan frá Vilborgarkeldu, Dyravegur austan úr Grafningi, Hellisheiðarvegur frá Kolviðarhóli og leið niður með Lyklafelli á Vatnavelli (Fóelluvötn).

Vestan gildragsins eru leið að Elliðakoti, í Árnakrók (Selvatn) og Alfaravegurinn gamli sem liggur til að byrja með samsíða leið að Elliðakoti en sveigir svo meira til norðurs. Sést þá bergstöpull á hægri hönd eð vörðu á toppi og mun það vera Klakkur (Stóri Klakkur) (N64°05.981'-W21°32.016') samkvæmt Örnefnaskrá Miðdals. Í skrá yfir Elliðakot og Vilborgarkot er tekið fram að hann sé hæð 247 y.s.

Næst er komið að árfari og er hér Heiðargjá (N64°05.514-W21°32.801') samkvæmt örnefnaskrá Miðdals. Nú sést lítill bergstöpull framundan með vörðuleif á toppnum (Litli-Klakkur?) (N64°05.721'-W21°33.297') og skiptast hér leiðir við stöplinn og eru götur beggja vegna við hann. Ef valið er að fara hægra megin (norðan) er hægt að velja að fara að bergstöpli með vörðu sem ber við Klettabelti og er skeifulaga grashvammur innan við hann. Ef haldið er lengra í norður eru tvær vörður framundan og smá slöður sem gatan liggur um og eru tjarnir þar innanvið.



Gatan liggur svo áfram upp á Klettabeltið (N64°05.773'-W21°33.749') og yfir það um blásinn mel og eftir stuttan spöl er komið í grashvamma og eru götur greinilegar framundan og stefna á Vörðuhól/Vörðhóla. (N64°06.153'-W21°34.996') samkvæmt örnefnaskrá Miðdals.

Ef farið er vinstra megin við bergstöpulinn (Litla Klakk?) er farið sunnanundir Klettabeltinu og er varða þar uppi. Síðan í gegnum lágt skarð og eru þá tjarnir framundan síðan liggur leiðin að annari tjörn og beygir þar til hægri og er þá komið fljótlega á götuna sem liggur norðar sem fyrr sagði. Nú er komið að girðingu sem girt var til að halda fé frá Höfuðborgarsvæðinu. Þríla er yfir girðinguna rétt vestan við götuna. (Ef menn vilja fara leiðina ríðandi þarf að taka krók að Nesjavallaleið þar sem er hlið fyrir hesta).

Næst er komið að Vörðuhólum/Vörðhólum og er varða þar á. Liggur gatan þar undir og steypir sér síðan niður í Vörðuhóladal/Vörðhóladal (N64°06.203'-W21°35.074') þverar hann og uppá lágan háls

þarna er gatan einna ógreinilegust, þar til komið að sumarbústað efst í Urðarlágum (N64°06.352'-W21°35.814'). Gatan liggur síðan innan girðingar á sumarbústaðalandinu og kemur að Nesjavallavegi nyrst í girðingunni. (N64°06.453'-W21°35.925') Mælt er með að stefnt sé að norðaustur horni sumarbústaðargirðingarinnar og þaðan að heimreið sumarbústaðarins síðan yfir Nesjavallaleið og á línuveg sem kallaður var Frakkastígur eftir þjóðerni þeirra sem reistu raflínunna. Hér er snúið til vinstri á götu.

Gatan sést fyrir ofan heitavatnspípuna stuttan spöl þar til komið er norður fyrir Helgutjörn (N64°06.397'-W21°36.340') sem er neðan við Nesjavallaleið. Hleðsla sést rétt við vegkantinn og tjörnina. Hér er landið allt umrótað eftir framkvæmdir við lagningu raflína, ljósleiðara, vega og heitavatnspípu. Sést næst til gatna fyrir ofan Efri-Djúpadal (N64°06.208'-W21°38.035') en hvort það er rétta gatan veit ég ekki. Djúpidalur var áningarstaður og kannski frægastur vegna matarveislu sem haldin var þar fyrir Friðrik 8 konung 1907 þegar hann reið austur Gamla Þingvallavegin til Þingvalla.

Frá Djúpadal er farið yfir Rjúpnaás og vestur og suður með Hríshöfða um Hríshöfðabrekku (N64°06.211'-W21°38.021') en hér er leiðin á einkalandi. Síðan liggur gatan þvert út frá brekkunni og hverfur undir tún í Sauðhúsamýri en kemur svo í ljós vestan við túnið norðan við girðingarstaur sem hefur þjónað áður sem ljósastaur gulur á lit. Hér er gamall vegur sem við þverum og sveigjum lítið eitt til vinstri út á móa og er gatan þá greinileg fram á Sólheimabrunir. Nú sést illa til gatna neðan við brunirnar því hér hefur verið plantað trjám og er hér mikill og þéttur skógur og torfarinn. Þegar ég gekk götuna fyrst árið 2012 var auðvelt að rekja götuna niður að fyrrum loðdýrahúsum og síðan út með hlíðinni að Sólheimum en þar var sumarbústaður fjölskyldu Líbu heitinnar Einarsdóttur frá Miðdal en búið er að rífa hann. Leiðin liggur síðan norður og vestur fyrir Sólheimatjörn og á Hofmannafötum. Á Hofmannafötum var áningarstaður ferðamanna um aldir en nú stendur til að reisa þar áningarstað af öðrum toga þ.e.fangelsi. Á Hofmannafötum komu saman leiðir um Elliðakot, Vilborgakot, Alfaravegin gamla og síðar var Gamli –Þingvallavegurinn lagður hér við frá Suðurlandsvegi hjá Geithálsi um Gjótulá.

Í örnefnalýsingu fyrir Hólm er Ari Gíslason skráði eftir upplýsingum frá Eggerti Norðdahl, stendur „Sunnan í Hestabrekkuhæð sem er 129 m há, eru Hestabrekkur. Einnig stendur í örnefnalýsingu „Norðaustan við Hestabrekkuhæð er Skyggnisdalur.

Í athugasemdum og viðbótum um Hólm skráir Guðlaugur Guðmundsson eftir Karli Norðdahl þá áttæðum fæddum á Hólmi, syni Eggerts Norðdahl “Jarðarmörkin eru frá Mýrarskyggni sem er norðan Almannadals, um svæðið Milli dala, norðan við Mjóadal og Mjóadalshæð, norðan við Hestabrekkuhæð, 129 m, og Hestabrekkur, um Ennisbrekku og síðan norðan við Skyggnisdal í Stóraskygni, Suður af Skyggnisdal eru Hofmannaflatir.”

Í skrifum Björns Bjarnasonar bónda á Grafarholti um örnefni frá 9.des.1914 skrifar hann í athugasemdum III blaðsíða 12. „Austur frá botni Almannadals er lægð milli hæða. Norðanvert við hana er örnefnið Hestabrekkur. Litlu austar er grund, uppgróið tjaldstæði sem nefnt er Hofmannaföt og veit nú enginn um uppruna þess nafns. Neðan við Hestabrekkur er slétt graslendi og tók ég eftir fjölda gróinna gatna, 30-40 samsíða, er ekki geta verið venjulegar búfjénaðarslóðir, síst á þeim stað, svo langt frá bæjum. Liggja götur þessar frá a til v milli Hofmannafatar og Almannadals. Við nánari athugun fann ég þarna fjölfarinn þjóðveg fyrri alda og gerir það örnefnin skiljanleg. Í Almannadal hafa mæst 4-5 vegir, og sjást enn allgreinilega merki þeirra“.

Á borgarvef Reykjavíkur, korti yfir deiliskipulag fyrir Hólmsheiði. Skýringar; Fornleifar og örnefni . Er Hestabrekkuhæð og Hestabrekkur vestan við Hofmannaflatir og sunnan við Skyggnisdal sem passar við áðurnefnda lýsingu fyrir Hólm. Svæðið undir suðurhlíðum Hestabrekkuhæðar var lagt undir herkampa á stríðsárunum og er þar mikið af vegum, húsgrunnum og öðru róti. Á síðari árum hefur verið plantað miklu af trjám i brekkurnar og vellina þar undir svo ekki sést til gatna. Ekki er samræmi í lýsingu á Hestabrekku í lýsingu Eggerts Norðdahl fyrir Hólm og lýsingu Björns Bjarnasonar. Björn virðist vera að tala um leið frá efri enda Almannaðals (botn) um Skyggnisdal að Hofmannaflöt. Í athugasemdum og viðbótum við Hólm virðist vera tekið undir með staðsetningu Björns Bjarnasonar á Hestabrekku . „ Norðan við Hestabrekkuhæð , 129 m, og Hestabrekkur “. Lýsing Eggerts Norðdahl á Alfaraveginum gamla styður þetta því þar er sagt „Frá Hofmannaflötum um Hestabrekku . Frá Hestabrekku norðan Almannaðals og Rauðavatn“.

Miðað við ofanskráð væri það mikið úrleiðis að fara frá Hofmannaflötum , suður fyrir Hestabrekkuhæð og þaðan norður fyrir Almannaðal.

Frá Almannaðal liggur leiðin annarsvegar að Birgisholti og niður með því að austanverðu. Reiðvegur hefur verið lagður þar niður að Rauðavatni um Úlfhildarbrekku. Hinsvegar hefur leiðin legið yfir Birgisholt nálægt göngustíg í Moldardalslágur þær eystri. Þar er hægt að tilla sér á bekk. Þaðan er gengið fram grundina og niður í Moldardal. Þaðan þvert yfir Selbrekku og sneið síðan Vatnshlíð niður undir Rauðavatn. Erfitt er að fylgja götunni niður hlíðina vegna trjágróðurs og lúpínu.

Reykjavík 3. Desember 2012

Jón Svanþórsson.



